

Nd.

162. Nefndarálit

[98. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en á það gat minni hl. ekki fallizt.

Við undirritaðir nefndarmenn erum að sjálfsögðu samþykkir þeirri meginstefnu frumvarpsins, að verja skuli gengishagnaði vegna útflutnings afurða, sem framleiddar eru fyrir 15. nóv. 1968, „í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði.“ En við teljum sjálfsagt, að Alþingi kveði á um ráðstöfun fjárisins í meginatriðum, en feli síðan landbúnaðarráðuneytinu að setja nánari reglur um greiðslu þess í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins eða að fengnum tillögum þess. — Það væri í fullu samræmi við ákvæði stjórnarfrumvarps um ráðstöfun gengishagnaðar sjávarútvegsins, eins og það mál var lagt fyrir efri deild.

Það er kunnugt, að skoðanir eru skiptar um það, á hvern hátt verja skuli gengishagnaði landbúnaðarins. Við undirritaðir teljum þó einsætt, að hann eigi að nota til þess að stuðla að því, að bændur fái grundvallarverð fyrir framleiðsluna.

Skýr lagaákvæði, sem gilt hafa um árabíl, mæla svo fyrir, að „tekjur þeirra, er landbúnað stunda, skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“

Árlegir útreikningar Hagstofu Íslands á tekjum hinna ýmsu starfsstétta þjóðfélagsins benda hins vegar til þess, að bændastéttin hafi aldrei náð þessu tekjujafnrétti um langt árabíl, enda þótt hið skráða verð hafi náðst, sem að vísu hefur ekki náðar nærri alltaf tekizt. Og hin síðustu ár hefur í einstökum tilvikum skort mikið á, að sláturleyfishafar hafi getað skilað grundvallarverði fyrir alla vöruflokka.

Vegna hinnar gífurlegu verðbólguþróunar hér á landi hefur bilið á milli grundvallarverðsins og þess verðs, er fæst fyrir útflutninginn, stöðugt farið vaxandi. Lögákvæðnar útflutningsbætur hrökkva nú ekki lengur til þess að tryggja bændum grundvallarverð fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem fluttur er úr landi. Þó hefur fyrir atbeina bændasamtakanna og framleiðsluráðs verið dregið stórlega úr útflutningi þeirra vara, sem óhagstæðastar eru til útflutnings, þ. e. mjólkurvaranna.

Með verðmiðlunargjaldi hafa bændur þegar tekið á sig tæpl. 50 millj. króna lækkun frá skráðu verði á framleiðslu verðlagsársins 1967—68, og vantar þó mjög mikið á, að öll kurl séu komin til grafar á því ári. Og framleiðslu- og útflutningsáætlun fyrir verðlagsárið 1968—69 bendir til þess, að svo mikið vanti á, að grundvallarverð náist á því ári, að áætlaður gengishagnaður geri ekki betur en brúa það bil eitt saman.

Þegar hér við bætist, að gengislækkunin, sem sagt er að gerð sé fyrir útflutningsframleiðsluna, hefur sem slík neikvæð áhrif á landbúnaðinn, þar sem aðeins lítill hluti af framleiðslu hans selst á erlendum markaði, en meginþorri rekstrarvaranna er innfluttur, þá teljum við eðlilegt og óhjákvæmilegt, að gengishagnaði af landbúnaðarvörum verði varið til þess, svo langt sem hann nær, að greiða fyrir því, að bændur fái í sínar hendur hið lögskráða verð framleiðslunnar.

Í samræmi við ofanritað leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 2. málsgrein, 4. gr. laga frá 12. nóvember 1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal nota til verðuppbóta

á útfluttar landbúnaðarafurðir, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966, allt að því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna.

Landbúnaðarráðherra setur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nánari reglur um greiðslu fjárins.

Alþingi, 12. des. 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.
frsm.